

## FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR Í BÍÓ PARADÍS VORIÐ 2023

ÞRIÐJUDAGAR KL. 14:00

BLACK SWAN, ÞRIÐJUDAGINN 17. JANÚAR KL. 14:00

AMÉLIE, ÞRIÐJUDAGINN 24. JANÚAR KL. 14:00

RAGING BULL, ÞRIÐJUDAGINN 31. JANÚAR KL. 14:00

THE SEARCHERS, ÞRIÐJUDAGINN 7. FEBRÚAR KL. 14:00

INGLORIOUS BASTERDS, ÞRIÐJUDAGINN 14. FEBRÚAR KL. 14:00

MAN WITH A MOVIE CAMERA, ÞRIÐJUDAGINN 21. FEBRÚAR KL. 14:00

SILENCE OF THE LAMBS, ÞRIÐJUDAGINN 28. FEBRÚAR KL. 14:00

PERSONA, ÞRIÐJUDAGINN 7. MARS KL. 14:00

DO THE RIGHT THING, ÞRIÐJUDAGINN 14. MARS KL. 14:00

DRUK, ÞRIÐJUDAGINN 21. MARS KL. 14:00

HOLY SMOKE, ÞRIÐJUDAGINN 28. MARS KL. 14:00

PÁSKAFRÍ

GIRL, 11. APRÍL KL. 14:00

GRAND BUDAPEST HOTEL, 18. APRÍL KL. 14:00



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>



## BLACK SWAN



**TEGUND OG ÁR:** *Sálfræðitryllir, 2010*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LENGD:** *108 mín*

**LEIKSTJÓRI:** *Darren Aronofsky*

**LEIKARAR:** *Nathalie Portman, Vincent Cassel, Winona Ryder*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Svarti svanurinn segir frá dansaranum Ninu sem starfar í New York City dansfloknum. Hún býr hjá móður sinni, sem sjálf var dansari og er mjög metnaðargjörn fyrir hönd Ninu.

Nýtt ár er að hefjast hjá dansfloknum með hinum heimsfræga ballett Svanavatnið eftir Tchaikovsky. Nina vill fá aðalhlutverkið og dansa bæði hvíta og svarta svaninn, en gengur erfiðlega að túlka munúð og slægð svarta svansins. Annar dansari veitir henni jafnframt harða samkeppni.

Darren Aronofsky hóf feril sinn með myndinni Pi 1997 og vakti síðan mikla athygli fyrir næstu mynd sína, Requiem for a Dream árið 2000. Natalie Portman hlaut bæði Óskarsverðlaunin og Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni.

## LE FABULEUX DESTIN D'AMELIE POULAIN/AMÉLIE



**TEGUND OG ÁR:** *Gamanmynd, drama, fantasia, 2001*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Frakkland*

**LENGD:** *122 mín*

**LEIKSTJÓRI:** *Jean-Pierre Jeunet*

**LEIKARAR:** *Audrey Tautou, Mathieu Kassovitz*

**TUNGUMÁL:** *Franska með enskum texta*

Amélie gerist í París og segir frá ungrri konu sem starfar sem gengilbeina á kaffihúsi. Kvöld nokkurt þegar hún sér fréttir af láti Díönu prinsessu, finnur hún skrin í íbúð sinni sem tilheyrði fyrrum leigjanda. Amélie ákveður að blanda sér í líf annarra til að öðlast tilgang með lífinu.

Myndin um Amélie kom eins og hvirfilbylur inn í franskan kvikmyndaiðnað. Hún er með frægustu kvikmyndum Frakklands, var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og hlaut Evrópsku kvikmyndaverðlaunin, BAFTA- og César-verðlaunin. Hún er í senn listræn og markaðsvæn kvikmynd sem fer ekki oft saman. Í myndinni var notast við óvenjulega kvikmyndatöku og litapalettu sem hefur haft gríðarleg áhrif á aðrar kvikmyndir.

## RAGING BULL



*TEGUND OG ÁR: Drama byggt á sönnum atburðum*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin, 1980*

*LENGD: 129 mín*

*LEIKSTJÓRN: Martin Scorsese*

*LEIKARAR: Robert De Niro, Joe Pesci, Catherine Moriarty*

*TUNGUMÁL: Enska með enskum texta*

Myndin er byggð á ævi Jake LaMotta frá 1941-1946 en hann var frægur hnefaleikakappi og gekk undir nafninu „The Bronx Bull“. Scorsese hafði í fyrstu ekki áhuga á því að gera myndina vegna þess að hann hafði ekki áhuga á íþróttum en Robert De Niro fékk hann til þess.

Það var ekki fyrr en Scorsese veiktist eftir mikla eiturlyfjaneyslu að hann fór að skoða líf Jake LaMotta með það fyrir augum að gera kvikmynd um hann. Myndin er í svarthvítu, en Scorsese vildi ekki gera litmynd af mörgum ástæðum, m.a. til að greina hana frá mynd eins og Rocky og ná andrúmslofti fimmta áratugarins.

## THE SEARCHERS



*TEGUND OG ÁR: Vestri, 1956*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin*

*LENGD: 119 mín*

*LEIKSTJÓRI: John Ford*

*LEIKARAR: John Wayne, Jeffrey Hunter, Nathalie Wood*

*TUNGUMÁL: Enska með enskum texta*

The Searchers segir frá uppgjafa hermanni úr borgarastríðinu, Ethan Edwards (John Wayne) sem snýr heim og sest að hjá bróður sínum í Texas. Þegar Comanche-indíánar gera árás, ræna þeir Debbie, frænku Ethan. Hann leggur því af stað til að leita hennar og fær með sér frænda sinn, Martin, (Jeffrey Hunter) sem er með indíánablóð í æðum. Á langri leið koma margvíslegar tilfinningar upp á yfirborðið og Martin er ekki lengur viss um hvort Ethan ætli að bjarga Debbie eða drepa hana.

Myndin telst til bestu vestra sem gerðir hafa verið og hefur fengið margar alþjóðlegarviðurkenningar. Hún á að gerast í Texas, en var tekin í Monument Valley í Utah og skartar stórkostlegum landslagsatriðum.

## INGLORIOUS BASTERDS



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, hasar, 2009*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LENGD:** *153 mín*

**LEIKSTJÓRN:** *Quentin Tarantino*


**LEIKARAR:** *Brad Pitt, Mélanie Laurent, Christopher Waltz*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Myndin segir frá bandarískri herdeild sem er send inn á mitt yfirráðasvæði Þjóðverja í seinni heimstyrjöldinni til þess að drepa eins marga þýska hermenn og hún mögulega getur og brjóta niður liðsandann í hernum. Þeir eru orðnir svo færir í þessu að þeir hafa fengið viðurnefnið The Basterds meðal Þjóðverja. Seinna þá vinna þeir með breskum yfirmanni sem sendur var til að búa til áætlun um að drepa nokkra háttsetta þýska foringja við frumsýningu kvikmyndar sem á að fjalla um hetjudáðir þýsks hermanns. En eitthvað fer úrskeiðis þegar þeir hitta tengilið sinn, þýska leikkonu.

(Kvikmyndir.is)

## MAN WITH A MOVIE CAMERA



**TEGUND OG ÁR:** Heimildamynd, 1929

**FRAMLEIÐSLULAND:** Sovétríkin

**LENGD:** 68 mín

**LEIKSTJÓRN:** Dziga Vertov

**TUNGUMÁL:** Þögl með tónlist

Man with a movie camera er tilraunakennd sovésk heimildamynd sem sýnir borgarlíf sovéskra borgara frá dögum til sólarlags. Hún á að gerast í einni borg en var tekin í borgunum Kiev, Kharkov, Moskvu og Odessa.

Dziga Vertov var kvikmyndafræðingur og brautryðjandi í heimildamyndagerð seint á þriðja áratugnum. Hann tilheyrði hreyfingu kvikmyndagerðarmanna sem notaði kino-eye tæknina. Myndin er með frægustu heimildamyndum sem hafa verið gerðar.

## SILENCE OF THE LAMBS



*TEGUND OG ÁR: Sálfræðitryllir, 1991*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin*

*LENGD: 118 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Jonahan Demme*

*LEIKARAR: Jodie Foster, Anthony Hopkins, Ted Levine*

*TUNGUMÁL: Enska með enskum texta*

Clarice Starling er að ljúka námi við akademíu alríkislögreglunnar og fær það verkefni að fá upplýsingar um geðsjúkan raðmorðingja sem gengur laus og er grunaður um að hafa rænt ungum konum.

Hún er því fengin til að ræða við Hannibal Lecter, sem var virtur geðlæknir, en situr í fangelsi fyrir morð. Samskipti þeirra verða flóknari en gert var ráð fyrir í upphafi og brátt þarf Clarice að fá alla þá hjálp sem Lecter getur veitt henni.

Lömbin þagna hlaut fimm Óskarsverðlaun árið 1991.



## PERSONA



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, 1966*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Svíþjóð*

**LENGD:** *84 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Ingmar Bergman*


**LEIKARAR:** *Liv Ullman, Bibi Anderson*

**TUNGUMÁL:** *Sænska með enskum texta*

Þekkt leikkona fær taugaáfall á miðri sýningu og neitar að tala. Eftir meðferð á geðdeild er hún send í sumarbústað á afskekktu eyju ásamt hjúkrunarfræðingi sér til heilsubótar. Hjúkrunarfræðingurinn reynir eftir megni að fá hana til að tala og brátt taka málin nýja stefnu.

Persona markar þáttaskil í ferli Ingmar Bergman og er talin með mögnuðustu og áhrifaríkustu verkum hans. Hann kafar djúpt í sálarlíf kvennanna beggja og tekur fyrir stóru spurningarnar um lífið, dauðann og allt þar á milli. Kvikmyndin er tekin á Farö þar sem Bergman setti stóra hluta verka sinna á svið.

## DO THE RIGHT THING



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, pólítísk ádeila*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LENGD:** *120 mínútur*

**LEIKSTJÓRN:** *Spike Lee*

**LEIKARAR:** *Spike Lee, Bill Nunn, John Turturro*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Do the Right Thing gerist í Bedford-Stuyvesant hverfinu í Brooklyn á sjóðheitum sumardegum. Mookie starfar á pítsustað sem Sal hefur rekið í 25 ár. Flestir íbúar hverfisins eru af afrískum og spænskum uppruna. Óánægja brýst smám saman fram og stigmagnast eftir því sem líður á myndina.

Myndin er pólítísk ádeila þar sem glímt er við tvenns konar viðhorf í mannréttindabaráttu svartra og áhrif þeirra á samfélagið í myndinni; annars vegar afstöðu Martin Luther King sem fólst í friðsamlegum mótmælum og afstöðu Malcolm X sem var mun herskárri.

Do the Right Thing var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handrit og besta leik í aukahlutverki, Golden Globe-verðlaunanna og Gullpálmans í Cannes. Atriði í myndinni var bætt við í stuttmynd um Black Lives Matter.

## DRUK



*TEGUND OG ÁR: Gamannmynd, drama*

*FRAMLEIÐSLULAND: Danmörk*

*LENGD: 117 mínútur*

*LEIKSTJÓRN: Thomas Vinterberg*

*LEIKARAR: Mads Mikkelsen, Thomas Bo Larsen, Magnus Millang*

*TUNGUMÁL: Danska með íslenskum texta*

Fjórir vinir, sem allir eru menntaskólakennarar, ákveða að sannreyna kenninguna um að þeim muni ganga betur í lífinu ef þeir eru alltaf með örlítið áfengismagn í blóðinu. Þessi tilraun á eftir að hafa óvæntar afleiðingar og sýna þeim félögum nýjar hliðar á sjálfum sér sem þeir áttu kannski ekki von á.

Um er að ræða nýjustu mynd Thomas Vinterberg sem gerði Festen og Jagten. Hún skartar Mads Mikkelsen í aðalhlutverki. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin 2021 sem besta erlenda mynd ársins.

## HOLY SMOKE!



**TEGUND OG ÁR:** *Gamanmynd, 1999*

**LENGD:** *115 mín*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *ÁSTRALÍA*

**LEIKSTJÓRI:** *Jane Campion*


**AÐALHLUTVERK:** *Kate Winslet, Harvey Keitel, Julie Hamilton*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Myndin fjallar um hina áströlsku Ruth Barron, sem fer til Indlands með vinkonum sínum og gerist áhangandi sértrúarhóps. Móðir hennar fær P. J. Waters frá Bandaríkjunum til að hjálpa Ruth, en Waters er ráðgjafi sem sérhæfir sig í að bjarga fólki úr sértrúarhópum. Hann fer með Ruth í afvikinn skála til að aðferðir hans takist sem best, en brátt snúast hlutverkin við.

Leikstjóri myndarinnar, Jane Campion, er frægust fyrir verðlaunamyndina Píanóið frá 1993, en Holy Smoke! var tilnefnd til Gullljónsins í Feneyjum.

## GIRL



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, 2018*

**LENGD:** *109 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Belgía og Holland*

**LEIKSTJÓRI:** *Lucas Dhont*

**AÐALHLUTVERK:** *Victor Polster, Ariele Worthalter, Oliver Bodart*

**TUNGUMÁL:** *Franska, flæmska og enska með íslenskum texta*

Hin ákveðna 15 ára gamla Lara hefur einsett sér að verða atvinnuballerína, og með stuðningi föður síns þá ákveður hún að elta þann draum í nýjum skóla. Gremja og óþolinmæði unglingsáranna magnast upp hjá Löru þegar hún gerir sér grein fyrir því að líkami hennar beygist ekki eins auðveldlega eftir ströngum reglum ballettsins, en ástæður þess má aðallega rekja til þess að henni var úthlutað vitlausu kyni við fæðingu.

*Girl* byrjaði að sópa að sér verðlaunum á Cannes kvikmyndahátíðinni og hefur haldið sigurgöngunni áfram á virtustu kvikmyndahátíðir heims. Myndin var auk þess tilnefnd til Golden Globe verðlauna.

## THE GRAND BUDAPEST HOTEL



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, gamanmynd, 2014*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LENGD:** *100 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Wes Anderson*

**LEIKARAR:** *Ralph Fiennes, F. Murray Abraham, Adrien Brody*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Grand Budapest Hotel segir frá sérkennilegum hóteltjóra á frægu hóteli í Evrópu á fjórða áratugnum og vináttu hans við ungan starfsmann sem verður skjólstaðingur hans. Inn í frásögnina blandast átök við ríka fjölskyldu vegna erfðamála og stuldi á frægu málverki.

Wes Anderson er einn af athyglisverðustu kvikmyndaleikstjórum seinni nýbylgjunnar í Bandaríkjunum en hann hefur vakið athygli fyrir sérstæðan og persónulegan stíl og hefur gert myndir á borð við Fantastic Mr. Fox og Moonrise Kingdom.

Grand Budapest Hotel hlaut fjögur Óskarsverðlaun.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



